

Endurrit fundargerðar skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 28. apríl 2005

Ár 2005 þann 28. apríl kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk byggingarfulltrúa og sveitarstjóra er reit fundargerð. Slökkviliðsstjóri hafði verið látinn vita af fundinum, en hann taldi ekki ástæðu til að mæta á fundinn.

Byggingamál

1) Karl Kristjánsson, Kambi II. Umsókn um byggingarleyfi. Stækkun á fjárhúsum um 112 fermetra. Teikningar voru lagðar fram á fundinum.

Erindið samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

2) Illugastaðir, Múlahreppi hinum forna. Umsókn um byggingarleyfi. Viðbygging við sumarbústað. Teikningar voru lagðar fram á fundinum.

Erindið samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

3) Erindi frá Tómasi Sigurgeirssyni, Mávatúni. Óskar eftir byggingarleyfi fyrir WC- og sturtuhúsi við íbúðarhús sitt að Mávatúni, sem á að þjóna heitum potti sem til stendur að koma fyrir fyrir utan húsið.

Erindið samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu, þ.á.m. að afla skráningartöflu.

4) Erindi frá Argos ehf f.h. Minjaverndar í Reykjavík. Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir endurgerð og breytingum á Stórapakkhúsi og Samkomuhúsi í Flatey á Breiðafirði. Teikningar voru lagðar fram á fundinum og einnig skráningartafla.

Gert er ráð fyrir að Stórapakkhús verði rekið sem gistihús og veitingastaður í tengslum við samkomuhúsið sem áfram muni þjóna sínu hlutverki.

Einnig var lögð fram umsögn Húsafriðunarnefndar ríkisins en fram kemur í erindinu að tillagan hafi verið borin undir fulltrúa Brunamálastofnunar ríkisins og þeirra ráðgjöf fylgt.

Í umsögn Húsafriðunarnefndar ríkisins kemur fram að hún lýsi yfir ánægju sinni með að reynt sé að tryggja framtíðarnotkun húsanna sem er lykillinn að varðveislu þeirra. Nefndin gerir ekki athugasemdir við erindið og þykir ástæða til að vekja athygli á vönduðu útliti og frágangi teikninga sem erindinu fylgja.

Erindið samþykkt. Byggingarfulltrúa falið að ganga frá málinu.

5) Byggingarfulltrúi vakti athygli á starfi óbyggðanefndar og taldi rétt að hvetja landeigendur til að láta kortleggja landamerki. Tóku fundarmenn undir það.

Skipulagsmál

1) Rætt um væntanleg kaup Reykhólahrepps á hluta Reykhólajarðar, en borist hafði fyrirspurn frá Jóni Ásbjörnssyni í Ríkiskaupum sem er að vinna í málinu. Jón þarf að vita nákvæmlega stærð og mörk landsins og var byggingarfulltrúa falið að ræða málið við Jón.

Enn fremur þarf að fást á hreint hvort ábúandi Reykhólajarðar fær að kaupa jörðina eða ekki.

Byggingarfulltrúi vék nú af fundi.

Bogi Kristinsson Magnusen (sign)

Hafnarmál

1) Fjárveitingar til Reykhólahafnar og Flateyjarhafnar samkvæmt fjögurra ára samgönguáætlun 2005-2008 (kynning).

Samkvæmt áætluninni stendur til að dýpka innsiglinguna í Reykhólahöfn árið 2005. Enn fremur verður gerður grjótnargarður við Reykhólahöfn árið 2008 og enn fremur smábátaaðstaða og flotbryggja á sama stað.

Í Flatey á að efla sjóvarnir árið 2005.

- 2) Hafnarreglugerð fyrir Reykhólahöfn. Sveitarstjóra og formanni nefndarinnar falið að leggja drög að nýrri hafnarreglugerð fyrir næsta hreppsnefndarfund til staðfestingar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið.

Pórður Jónsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)